

Embættisafgreiðslufundur skipulagsfulltrúa Reykjavíkur samkvæmt viðauka 2.4 við samþykkt um stjórn Reykjavíkurborgar.

Ár 2021, föstudaginn 5. nóvember kl. 09:15, hélt skipulagsfulltrúi Reykjavíkur 844. embættisafgreiðslufund sinn til afgreiðslu mála án staðfestingar skipulags- og samgönguráðs. Fundurinn var haldinn á skrifstofu skipulagsfulltrúa Borgartúni 12 - 14, 2. hæð, Stardalur.

Fundinn sátu: Björn Axelsson, Borghildur Sölvey Sturludóttir og Helena Stefánsdóttir.

Eftirtaldir embættismenn kynntu mál á fundinum: Lilja Grétarsdóttir, Ingvar Jón Bates Gíslason, Hrafnhildur Sverrisdóttir, Sólveig Sigurðardóttir, Björn Ingi Edvardsson, Ólafur Melsted, Sigríður Lára Gunnarsdóttir og Hildur Gunnarsdóttir.

Ritari var Harri Ormarsson.

Þetta gerðist:

- 1. Barmahlíð 43 og 45, (fsp) hækkun á þaki** (01.71) Mál nr. SN210210
Skjalnr. 12985
Teiknistofan Storð ehf., Laugavegi 178, 105 Reykjavík
Barmahlíð 43-45, húsfélag, Barmahlíð 43, 105 Reykjavík
Lögð fram fyrirspurn Hermanns Georgs Gunnlaugssonar dags. 15. mars 2021 ásamt bréfi dags. 15. mars 2021 um hækkun á þaki hússins á lóðunum nr. 43 og 45 við Barmahlíð til samræmis við aðliggjandi hús í götunni. Fyrirspurninni var vísað til umsagnar verkefnisstjóra og er nú lögð fram að nýju ásamt umsögn skipulagsfulltrúa dags. 21. apríl 2021. Lagt fram að nýju ásamt uppdráttum Grímu arkitekta ehf. dags. 11. október 2021. Einnig er lögð fram umsögn skipulagsfulltrúa dags. 5. nóvember 2021.
Umsögn skipulagsfulltrúa dags. 5. nóvember 2021 samþykkt.
- 2. Búland 1-31 2-40, (fsp) nr. 40 - bílastæði** (01.850.3) Mál nr. SN210596
Skjalnr. 5208
Hafþór Einarsson, Búland 40, 108 Reykjavík
Lögð fram fyrirspurn Hjalta Brynjarssonar dags. 24. ágúst 2021 um að setja bílastæði við vesturhlið Búlands 40, lóð nr. 1-31 og 2-40 við Búland, samkvæmt tillögu ódags.
Vísað til umsagnar verkefnisstjóra.
- 3. Gerðarbrunnur 52, Breyting á þegar** (50.547.05) Mál nr. BN060050
samþykktum uppdráttum Skjalnr. 12109
Hjörtur Friðberg Jónsson, Fornistekkur 11, 109 Reykjavík
Helga Björk Pálsdóttir, Fornistekkur 11, 109 Reykjavík
Á embættisafgreiðslufundi skipulagsfulltrúa 28. október 2021 var lagt fram erindi frá afgreiðslufundi byggingarfulltrúa frá 26. október 2021 þar sem sótt er um leyfi til að breyta erindi BN059208 þannig að þak hækkar um 40 cm á einbýlishúsi á lóð nr. 52 við Gerðarbrunn. Erindinu var vísað til umsagnar verkefnisstjóra og er nú lagt fram að nýju ásamt umsögn skipulagsfulltrúa dags. 5. nóvember 2021.
Stækkun: xx rúmm. Gjald kr. 12.100
Umsögn skipulagsfulltrúa dags. 5. nóvember 2021 samþykkt.

4. **Kringlan 4-12, Lúxusbíósalur - anddyri,** (17.210.01) Mál nr. BN060036
salerni o.fl. Skjalnr. 6039
Reitir - verslun ehf., Kringlunni 4-12, 103 Reykjavík
Á embættisafgreiðslufundi skipulagsfulltrúa 18. október 2021 var lagt fram erindi frá afgreiðslufundi byggingarfulltrúa 12. október 2021 þar sem sótt er um leyfi til að hækka hluta mhl. 02 og innrétta nýjan bíósal á 3. hæð, nýjar snyrtingar fyrir hæðina og gera nýja flóttaleið út á svalir Kringlunnar á lóð nr. 4-12 við Kringluna. Erindinu var vísað til umsagnar verkefnisstjóra og er nú lagt fram að nýju.
Erindi fylgir yfirlit yfir breytingar. Stækkun, mhl. 02: ferm., rúmm. Eftir stækkun: 13.977,2 ferm., 57.272,6 rúmm. Gjald kr. 12.100
Ekki eru gerðar skipulagslegar athugasemdir við erindið.
5. **Brekkustígur 3A, Viðbygging og svalir** (11.342.05) Mál nr. BN059527
Skjalnr.
Arndís Kristjánsdóttir, Brekkustígur 3A, 101 Reykjavík
Ingólfur Ásgeirsson, Brekkustígur 3A, 101 Reykjavík
Að lokinni grenndarkynningu er lagt fram að nýju erindi frá afgreiðslufundi byggingarfulltrúa frá 20. júlí 2021 þar sem sótt er um leyfi til þess að gera viðbyggingu á einni hæð með þaksvölum við austurhlið, gera nýjan kvist á vesturþekju og færa inngang einbýlishúss á lóð nr. 3A við Brekkustíg. Einnig er lagt fram skuggavarsuppr. Birtu Fróðadóttur dags. 11. ágúst 2021. Erindi var grenndarkynnt frá 30. september 2021 til og með 28. október 2021. Engar athugasemdir bárust.
Erindi fylgir skuggavarp fyrir og eftir breytingu dags. 14. júní 2021, bréf frá hönnuði dags. 14. júní 2021, umsögn burðarvirkishönnuðar dags. 11. júní 2021, samþykki eigenda lóðar nr. 5 og 3 dags. 14. júní 2021, hæðablað dags. 14. júní 1999 og yfirlit breytinga á uppráttum samþykktum 25. apríl 2006. Gjald kr. 12.100
Samþykkt með vísan til viðauka um embættisafgreiðslur skipulagsfulltrúa við samþykkt um stjórn Reykjavíkurborgar.
Vísað til fullnaðarafgreiðslu byggingarfulltrúa.
6. **Brúnavegur 4, Notkunarbreyting** (13.801.01) Mál nr. BN059937
Skjalnr. 8270
Arna Sigríður Mathiesen, Noregur,
Lagt fram erindi frá afgreiðslufundi byggingarfulltrúa frá 2. nóvember 2021 þar sem sótt er um leyfi til að breyta núverandi bílgeymslu, mhl. 02, í breytingunum felst endurnýjun hluta þess, breyta þakformi, einangra útveggi og klæða, breyta gluggum, setja hurð á suðurhlið og vesturhlið í stað glugga, gluggum bætt við á gafla norður og suðurhliðar, komið fyrir baðherbergi og hluti bílgeymslunnar verði vinnustofa við hús á lóð nr. 4 við Brúnaveg.
Stækkun er: xx,x ferm., xx,x rúmm. Erindi fylgir yfirlýsing hönnuðar vegna umboð eigenda dags. 15. september 2021, afrit tryggingarbréfs dags. 16. desember 2020, greiðslustaða dags. 15. október 2021 og afrit starfsábyrgðartryggingu dags. 13. október 2021. Gjald kr. 12.100
Vísað til umsagnar verkefnisstjóra.
7. **Bræðraborgarstígur 2/Mýrargata 21,** (11.310.19) Mál nr. BN060119
Byggja Kirkju Skjalnr. 12948
Söfnuður Moskvu-Patríarkatsins, Öldugötu 44, 101 Reykjavík
Lagt fram erindi frá afgreiðslufundi byggingarfulltrúa frá 2. nóvember 2021 þar sem sótt er um leyfi til að byggja kirkju auk kjallara, fyrir 245 manns og 5 starfsmenn á lóð nr. 2 við Bræðraborgarstíg.
Stækkun er: 560,2 ferm., 3.847,7 rúmm. Erindi fylgir mæliblað ódagsett, greinargerð brunahönnuðar dags. 22. október 2021 og greinargerð hljóðvistar dags. 14. október 2021. Gjald kr. 12.100
Vísað til umsagnar verkefnisstjóra.

8. **Einarsnes 21, (fsp) bílskúr** (01.670.5) Mál nr. SN210696
Skjalnr. 8897
Eiríkur Freyr Blumenstein, Einarsnes 21, 102
Á embættisafgreiðslufundi skipulagsfulltrúa 18. október 2021 var lögð fram fyrirspurn Eiríks Freys Blumenstein dags. 11. október 2021 um að gera lágreistan niðurgráfin bílskúr á lóð nr. 21 við Einarsnes, samkvæmt uppd. Argo ehf. mótt. 11. október 2021. Fyrirspurninni var vísað til umsagnar verkefnisstjóra og er nú lögð fram að nýju ásamt umsögn skipulagsfulltrúa dags. 5. nóvember 2021.
Neikvætt, með vísan til umsagnar skipulagsfulltrúa dags. 5. nóvember 2021.
9. **Bárugata 38, (fsp) innkeyrsla og bílastæði** (01.135.2) Mál nr. SN210699
Skjalnr. 6392
Sigurjón Guðbjörn Geirsson, Bárugata 38, 101 Reykjavík
Lögð fram fyrirspurn Sigurjóns Guðbjörns Geirssonar dags. 12. október 2021 um að innkeyrsla og bílastæði sem þegar er á lóð nr. 38 við Bárugötu verði heimilað, samkvæmt skissu á yfirlitsmynd ódags. Einnig er lögð fram ljósmynd.
Vísað til umsagnar verkefnisstjóra.
10. **Mosgerði 9, Sameina kvista** (18.155.11) Mál nr. BN060024
Skjalnr. 14288
Guðrún Þóra Kristjánsdóttir, Mosgerði 9, 108 Reykjavík
Alexandra Kristín Johnsdóttir, Mosgerði 9, 108 Reykjavík
Á embættisafgreiðslufundi skipulagsfulltrúa 28. október 2021 var lagt fram erindi frá afgreiðslufundi byggingarfulltrúa frá 26. október 2021 þar sem sótt er um leyfi fyrir áður gerðum breytingum sem felast í breytingum á þaki, nýjum þakglugga, auk þess sem hluti þaks hefur verið dregið til baka og hækkað til að koma fyrir svölum í norðaustur-horni íbúðar 0201 í tvíbýlishúsi á lóð nr. 9 við Mosgerði. Erindinu var vísað til umsagnar verkefnisstjóra og er nú lagt fram að nýju ásamt umsögn skipulagsfulltrúa dags. 5. nóvember 2021.
Stækkun: 28,5 ferm., xx.x rúmm. Gjald kr. 12.100
Neikvætt, með vísan til umsagnar skipulagsfulltrúa dags. 5. nóvember 2021.
11. **Rökkvatjörn 2, Fjölbýlishús - 52 íbúðir** (50.525.01) Mál nr. BN059800
Skjalnr. 14215
Al-verk ehf., Bæjarflöt 9, 112 Reykjavík
Eignasjóður Reykjavíkurborgar, Borgartúni 12-14, 105 Reykjavík
Lagt fram erindi frá afgreiðslufundi byggingarfulltrúa frá 2. nóvember 2021 þar sótt er um leyfi til þess að byggja þrjú 4-hæða fjölbýlishús með kjallara, mhl. 01, 02 og 03, tengd saman á jarðhæð með einnar hæða lágbyggingum fyrir hjólageymslur og sameiginlega bílgeymslu, mhl.04, á lóð nr. 2 við Rökkvatjörn.
Stærðir: Mhl.01: 1.308.4 ferm., 4.139.9 rúmm. Mhl.02: 1.269.8 ferm., 4.140.3 rúmm. Mhl.03: 1.334.1 ferm., 4.149.5 rúmm. Mhl.04: 857.6 ferm., 2.493.7 rúmm. Erindi fylgir mæliblað 5.052.5 dags. 6. september 2021, hæðablað 5.052.5 útg. 2 dags. 27. september 2021 og ódagsett bréf hönnuðar vegna athugasemda skipulagsfulltrúa í umsögn dags. 10. september 2021, bréf hönnuðar dags. 10. ódagsett bréf hönnuðar v. athugasemda, greinargerð um hönnun brunavarna dags. 30. september 2021. Útskrift úr gerðabók embættisafgreiðslufundar skipulagsfulltrúa frá 10. september 2021 fylgir erindi, ásamt umsögn skipulagsfulltrúa dags. 10. september 2021. Einnig fylgir bréf skipulagsfulltrúa dags. 13. september 2021. Gjald kr. 12.100
Vísað til umsagnar verkefnisstjóra.

12. **Silfratjörn 6-18, (fsp) breyting á götu o.fl.** (05.052.4) Mál nr. SN210733
Skjalnr. 14414
ALARK arkitektar ehf., Dalvegi 18, 201 Kópavogur
Arnarbakki ehf., Huldubraut 48, 200 Kópavogur
Lögð fram fyrirspurn Jokobs Emils Líndals dags. 2. nóvember 2021 ásamt bréfi ódags.
um annars vegar færslu á götu fyrir Silfratjörn 6-18 þannig að bílastæði raðhúsa verði
fyrir framan húsin norðanvert og hins vegar um að breyta bílskúrum húsanna í hjóla- og
vagnageymslu.
Vísað til umsagnar verkefnisstjóra.
13. **Höfðabakki 7, (fsp) breyting á deiliskipulagi** (04.070.4) Mál nr. SN210727
Skjalnr. 6772
THG Arkitektar ehf., Faxafeni 9, 108 Reykjavík
Lögð fram fyrirspurn THG Arkitekta ehf. dags. 27. október 2021 ásamt bréfi dags. 15.
október 2021 um breytingu á deiliskipulagi Ártúnshöfða eystri vegna lóðarinnar nr. 7
við Höfðabakka sem felst í hækkun á mæni bakhúss um 2,5 m ásamt möguleika á
milligólfi, samkvæmt tillögu/skissu ódags. Einnig er lögð fram umsögn
skipulagsfulltrúa dags. 5. nóvember 2021.
Umsögn skipulagsfulltrúa dags. 5. nóvember 2021 samþykkt.
14. **Snorrabraut 60, (fsp) breyting á deiliskipulagi** (01.193.4) Mál nr. SN210724
Skjalnr. 6940
Helga Bragadóttir, Grímshagi 1, 107 Reykjavík
Snorrahús ehf., Tjarnargötu 28, 101 Reykjavík
Lögð fram fyrirspurn Helgu Bragadóttur dags. 26. október 2021 um breytingu á
deiliskipulagi Heilsuverndarreiðs vegna lóðarinnar nr. 60 við Snorrabraut sem felst í
stækkun lóðarinnar og koma fyrir djúpgámum sunnan við nýbyggingu (viðbyggingu),
samkvæmt uppd. Kanon arkitekta dags. 21. október 2021.
Vísað til umsagnar verkefnisstjóra.
15. **Gufunes, samgöngutengingar, nýtt deiliskipulag** (02.2) Mál nr. SN210218
Skjalnr. 7808
Að lokinni auglýsingu er lögð fram að nýju tillaga umhverfis- og skipulagssviðs að
nýju deiliskipulagi fyrir samgöngutengingar í Gufunesi. Um er að ræða ca. 20 hektara
svæði og er markmið skipulagsins m.a. að festa inn á deiliskipulag
bráðabirgðatengingar fyrir innanhverfisveg og stígatengingar frá Gufunesinu upp á
Strandveg í Grafarvogi, ásamt því að tryggja góð tengsl við umhverfið með
fyrirkomulagi stíga, gatna og opinna svæða. Einnig er Hallsteinsgarður og nærumhverfi
fest í sessi inn á deiliskipulag o.fl., samkvæmt uppf. uppdrætti Verkís dags. 24. júní, br.
5. nóvember 2021, og greinargerð Verkís dags. 24. júní 2021. Einnig er lögð fram
fornleifaskráning Borgarsögusafns Reykjavíkur skýrsla nr. 218. Tillagan var auglýst frá
4. ágúst 2021 til og með 15. september 2021. Eftirtaldir sendu athugasemdir/umsögn:
Umhverfisstofnunar dags. 12. ágúst 2021, íbúaráð Grafarvogs dags. 17. ágúst 2021,
Sigurjón P. Stefánsson dags. 23. ágúst 2021, Veðurstofa Íslands dags. 26. ágúst 2021,
Jón Dal Kristbjörnsson og Sigríður María Jónsdóttir dags. 6. september 2021,
Skipulagsstofnun dags. 15. september 2021 og Heilbrigðiseftirlit Reykjavíkur dags. 15.
september 2021. Erindinu var vísað til umsagnar verkefnisstjóra og er nú lagt fram að
nýju.
Vísað til skipulags- og samgönguráðs.

16. **Jöfursbás 2A, Dreifistöð** (22.203.03) Mál nr. BN060131
Skjalnr. 14574
Veitur ohf., Bæjarhálsi 1, 110 Reykjavík
Lagt fram erindi frá afgreiðslufundi byggingarfulltrúa frá 2. nóvember 2021 þar sótt er um leyfi fyrir dreifistöð, byggða úr forsteyptum einingum, á lóð nr. 2A við Jöfursbás. Stærð : 17,3 ferm., 65,8 rúmm. Gjald kr. 12.100
Ekki eru gerðar skipulagslegar athugasemdir við erindið.
17. **Jöfursbás 5, Fjölbýlishús - mhl.01** (22.204.02) Mál nr. BN060091
Skjalnr. 14333
Jöfursbás 5 ehf., Katrínartúni 2, 105 Reykjavík
Lagt fram erindi frá afgreiðslufundi byggingarfulltrúa frá 2. nóvember 2021 þar sótt er um leyfi til að byggja fjölbýlishús á þremur til fimm hæðum auk kjallara með 27 íbúðum sem tengist bílakjallara með matshlutanúmerið 01 á lóð nr. 5 við Jöfursbás. Einnig er lögð fram umsögn skipulagsfulltrúa dags. 5. nóvember 2021. Stækkun er: 2.809,7 ferm., 9.370,3 rúmm. Gjald kr.12.100
Umsögn skipulagsfulltrúa dags. 5. nóvember 2021 samþykkt.
18. **Jöfursbás 5, Fjölbýlishús - mhl.03** (22.204.02) Mál nr. BN059868
Skjalnr. 14333
Jöfursbás 5 ehf., Katrínartúni 2, 105 Reykjavík
Á embættisafgreiðslufundi skipulagsfulltrúa 18. október 2021 var lagt fram erindi frá afgreiðslufundi byggingarfulltrúa 12. október 2021 þar sem sótt er um leyfi til að byggja 25 íbúða fjölbýlishúsi á 3-5 hæðum auk kjallara, mhl.03, burðarvirki staðsteypt en stigahlaup og svalir úr forsteyptum einingum á lóð nr. 5 við Jöfursbás. Erindinu var vísað til umsagnar verkefnisstjóra og er nú lagt fram að nýju ásamt umsögn skipulagsfulltrúa dags. 5. nóvember 2021. Stærð er: 2.311,5 ferm., 7.574,2 rúmm. Erindi fylgir greinargerð brunahönnuðar dags. 25. ágúst 2021, greinargerð um hljóðvist dags. 7. september 2021 og afrit af uppdrætti deiliskipulags sem birtur var í B-deild þann 16. mars 2021. Gjald kr.12.100
Umsögn skipulagsfulltrúa dags. 5. nóvember 2021 samþykkt.
19. **Jöfursbás 5, Bílakjallari - mhl.04** (22.204.02) Mál nr. BN059926
Skjalnr. 14333
Jöfursbás 5 ehf., Katrínartúni 2, 105 Reykjavík
Á embættisafgreiðslufundi skipulagsfulltrúa 18. október 2021 var lagt fram erindi frá afgreiðslufundi byggingarfulltrúa 12. október 2021 þar sem sótt er um leyfi til þess að byggja staðsteyptan bílakjallara, mhl.04, á einni hæð með 49 bílastæðum sem mun þjóna þremur fjölbýlishúsum á lóð nr. 5 við Jöfursbás. Erindinu var vísað til umsagnar verkefnisstjóra og er nú lagt fram að nýju ásamt umsögn skipulagsfulltrúa dags. 5. nóvember 2021. Stærð er: 1.609,5 ferm., 4.988,5 rúmm. Erindi fylgir greinargerð brunahönnuðar dags. 25. ágúst 2021 og greinargerð um hljóðvist dags. 7. september 2021. Gjald kr.12.100
Umsögn skipulagsfulltrúa dags. 5. nóvember 2021 samþykkt.
20. **Jöfursbás 5, Fjölbýlishús - mhl.02** (22.204.02) Mál nr. BN060023
Skjalnr. 14333
Jöfursbás 5 ehf., Katrínartúni 2, 105 Reykjavík
Á embættisafgreiðslufundi skipulagsfulltrúa 18. október 2021 var lagt fram erindi frá afgreiðslufundi byggingarfulltrúa 12. október 2021 þar sem sótt er um leyfi til byggja 23 íbúða fjölbýlishúsi á 5 hæðum auk kjallara, mhl.02, burðarvirki staðsteypt en stigahlaup og svalir úr forsteyptum einingum á lóð nr. 5 við Jöfursbás. Erindinu var vísað til umsagnar verkefnisstjóra og er nú lagt fram að nýju ásamt umsögn skipulagsfulltrúa dags. 5. nóvember 2021. Stækkun er: 2.278,1 ferm., 7.479,0 rúmm. Gjald kr.12.100
Umsögn skipulagsfulltrúa dags. 5. nóvember 2021 samþykkt.

21. **Krókháls, GR reitur G1, breyting á deiliskipulagi** Mál nr. SN210583
Skjalnr. 5967
Lögð er fram tillaga KRADS arkitekta f.h. umhverfis- og skipulagssviðs dags. 28. október 2021 að breytingu á deiliskipulagi fyrir Grafarlæk - Stekkjarmóa - Djúpadal. Um er að ræða nýja lóð þar sem er gert ráð fyrir tveimur skrifstofubyggingum sem grafa sig inn í hæðina að hluta til að falla betur inn í umhverfið og halda hæð og ásýnd bygginga lægri út að golfvallarsvæði GR. Hæðarmunur á lóð er nýttur til að koma fyrir bílakjallara undir byggingunum og skýla útivistarsvæði GR frá bílastæðasvæði.
Vísað til skipulags- og samgönguráðs.
22. **Súðarvogur 2E-F, Skektuvogur - Breyting á (14.502.01)** Mál nr. BN060125
Skjalnr. 13656
iðnaðar og lagerhúsnæði í verslunar og líkamsrækt og fl.
Reitir - þróun ehf., Kringlunni 4-12, 103 Reykjavík
Lagt fram erindi frá afgreiðslufundi byggingarfulltrúa frá 2. nóvember 2021 þar sótt er um leyfi til að breyta núverandi notkun í verslunar- og þjónustukjarna með matvöruverslun og líkamsræktarstöð auk minni þjónustueininga og skrifstofurými á efri hæðum, sem fylgir útlitsbreytingar og niðurrifi hluta húsnæðis sem fellur utan lóðar í samþykktu deiliskipulagi og útgefnum lóðaruppdraetti, hús á lóð nr. 2E-F við Súðarvog. Stækkun er: xx,x ferm., xx,x rúmm. Gjald kr.12.100
Vísað til umsagnar verkefnisstjóra.
23. **Vogabyggð svæði 5, breyting á (01.45)** Mál nr. SN210675
Skjalnr. 13136
deiliskipulagi
Á embættisafgreiðslufundi skipulagsfulltrúa 1. október 2021 var lögð er fram tillaga umhverfis- og skipulagssviðs að breytingu á deiliskipulagi Vogabyggðar svæði 5. Breytingin felst í því að smábátahöfn Snarfara er stækkuð og dýpkuð. Hluti hafnargarðs, sem liggur í austur-vesturstefnu er fjarlægður og hafnargarður sem liggur í norður-suðurstefnu er lengdur til norðurs. Flotbyggjur lengjast og bátastæðum fjölga úr 152 í 250. Lóð smábátahafnar á landi stækkar sem nemur lárétu svæði hafnargarðs, samkvæmt uppd. Teiknistofu Traðar dags. 29. september 2021. Greinargerð og skilmálar fyrir allt skipulagssvæðið er jafnframt uppfært í heild samhliða breytingartillögu, dags. 29. september 2021. Erindinu var vísað til meðferðar hjá verkefnisstjóra og er nú lagt fram að nýju.
Vísað til skipulags- og samgönguráðs.
24. **Kalkofnsvegur 1, Breyting á 1 og 2 hæð. (11.502.02)** Mál nr. BN060121
Skjalnr. 5426
breytt flóttaleið og fleira
Seðlabanki Íslands, Kalkofnsvegi 1, 101 Reykjavík
Lagt fram erindi frá afgreiðslufundi byggingarfulltrúa frá 2. nóvember 2021 þar sótt er um leyfi til breytinga á innra skipulagi 1. og 2. hæðar, flóttaleiðar á jarðhæð, fjarlægja núverandi glerskálabyggingu á torgi og endurbyggja með þeirri breytingu að lyfta byggingu upp um heila hæð á afmörkuðu svæði, jafnframt eru gerðar breytingar á eldhúsi, aðstöðu starfsmanna og uppfæra loftræsingu í húsi á lóð nr. 1 við Kalkofnsveg. Stækkun er: 500,0 ferm., xx,x rúmm. Gjald kr.12.100
Vísað til umsagnar verkefnisstjóra.

25. **Skrauthólar 4, Áður gerðar framkvæmdir og nýjar svalir á hús** (32.551.102) Mál nr. BN059663
Skjalnr. 10158
H-O-H sf., Bergstaðastræti 9, 101 Reykjavík
Lagt fram erindi frá afgreiðslufundi byggingarfulltrúa frá 2. nóvember 2021 þar sótt er um leyfi fyrir áður gerðum breytingum þar sem matshlutar 01, 02, 03, 04, 06, 08 og 09 eru sameinaðir og verða matshluti 01 sem er þjónusta við tjaldsvæði á 1. hæð, með sal fyrir 240 gesti og íbúð á 2. hæð, auk þess sem gerð er grein fyrir áður gerðum breytingum þar sem mhl. 07, sem var fjárhús, er breytt í einbýlishús, með nýjum svölum, á húsi á lóð nr. 4 við Skrauthóla.
Gjald kr. 12.100
Vísað til umsagnar verkefnisstjóra.
26. **Hlaðbær 17, Koma fyrir gám á lóð leikskólans Árborg** (43.533.01) Mál nr. BN060132
Skjalnr. 10105
Reykjavíkurborg - eignasjóður, Borgartúni 10-12, 105 Reykjavík
Lagt fram erindi frá afgreiðslufundi byggingarfulltrúa frá 2. nóvember 2021 þar sótt er um leyfi til að koma fyrir gámi sem á að hýsa starfsmannaaðstöðu, setustofu með litlu eldhúsi, snyrtingu, geymslu/ræstiherbergi auk þess að koma fyrir skýli fyrir framan gáminn, norðan megin við leikskólann Árborg á lóð nr. 17 við Hlaðbæ. Einnig lögð fram umsögn skipulagsfulltrúa dags. 5. nóvember 2021.
Stærð gáms er: 27,3 ferm., 76,5 rúmm. Stærð skýlis sem er B rými er: XX ferm., XX rúmm. Gjald kr. 12.100
Umsögn skipulagsfulltrúa dags. 5. nóvember 2021 samþykkt.
27. **Rauðarárstígur 27-29, (fsp) breyting á notkun húsnæðis, fækkun bílastæða o.fl.** (01.244.0) Mál nr. SN210609
Skjalnr. 7231
Noland Arkitektar ehf., Laugavegi 178, 105 Reykjavík
Eik fasteignafélag hf., Sóltúni 26, 105 Reykjavík
Á embættisafgreiðslufundi skipulagsfulltrúa 8. október 2021 var lögð fram fyrirspurn Noland Arkitektar ehf. dags. 30. ágúst 2021 um að breyta notkun hússins á lóð nr. 27-29 við Rauðarárstíg úr skrifstofum í íbúðir, fækka bílastæðum við götu og gera breiðari gangstétt, setja nýja inndregna hæð á húsið og svalagang að aftanverðu ásamt nýjum svölum. Á jarðhæð verða íbúðir að hluta og núverandi veitingarými verður óbreytt. Fyrirspurninni var vísað til umsagnar verkefnisstjóra og er nú lögð fram að nýju ásamt umsögn skipulagsfulltrúa dags. 4. nóvember 2021.
Umsögn skipulagsfulltrúa dags. 4. nóvember 2021 samþykkt.
28. **Gvendargeisli 94, (fsp) skrá skriðrými sem hluta af húsi** (05.135) Mál nr. SN210685
Skjalnr. 11850
Kjartan Jónsson, Gvendargeisli 94, 113 Reykjavík
Á embættisafgreiðslufundi skipulagsfulltrúa 8. október 2021 var lögð fram fyrirspurn Kjartans Jónssonar dags. 1. október 2021 ásamt bréfi dags. 23. september 2021 um stækkun hússins á lóð nr. 94 við Gvendargeisla sem felst í því að tvö rými skráð sem skriðrými í kjallara verði hluti af húsinu. Fyrirspurninni var vísað til umsagnar verkefnisstjóra og er nú lögð fram að nýju ásamt umsögn skipulagsfulltrúa dags. 4. nóvember 2021.
Umsögn skipulagsfulltrúa dags. 4. nóvember 2021 samþykkt.

29. **Laugavegur 157, (fsp) flutningu húss,** (01.222.2) Mál nr. SN210730
niðurrif og uppbygging Skjalnr. 14481
 L157 ehf., Melhaga 20, 107 Reykjavík
 Trípólí ehf., Skólavörðustíg 16, 101 Reykjavík
 Lögð fram fyrirspurn Jóns Davíðs Ásgeirssonar dags. 1. nóvember 2021 um flutning hússins á lóð nr. 157 við Laugaveg, niðurrif á bílskúr og kjallara og uppbyggingu nýs íbúðarhúss, samkvæmt tillögu Trípólí ehf. ódags.
Vísað til umsagnar verkefnisstjóra.
30. **Breiðholt I, Bakkar, breyting á** (04.6) Mál nr. SN200364
deiliskipulagi vegna Arnarbakka Skjalnr. 7893
 Að lokinni auglýsingu er lögð fram að nýju tillaga umhverfis- og skipulagssviðs að breytingu á deiliskipulagi Breiðholts I vegna Arnarbakka. Breytingin felst í heimild til niðurrifi á núverandi verslunar og þjónustuhúsnæði í Arnarbakka 2-6, uppbyggingu námsmannaíbúða með verslunar- og þjónusturýmum að hluta til á 1. hæð auk íbúðarhúsnæðis á grænni þróunarlóð, gróðurhúss og endurbætur á grænu svæði, samkvæmt uppdr. BASALT arkitekta ehf. dags. 9. júní 2021. Einnig er lögð fram húsakönnun Borgarsögusafns Reykjavíkur dags. 26. júní 2020 og samgöngumat Mannvits dagsett 9. júní 2021. Tillagan var auglýst frá 7. júlí 2021 til og með 31. ágúst 2021. Eftirtaldir sendu athugasemdir/umsögn: Guðmundur Svafarsson dags. 21. júní 2021, Veitur dags. 18. ágúst 2021. Erindinu var vísað til umsagnar verkefnisstjóra á embættisafgreiðslufundi skipulagsfulltrúa 3. september 2021 og er nú lagt fram að nýju.
Vísað til skipulags- og samgönguráðs.
31. **Breiðholt III, Fell, breyting á deiliskipulagi** (04.6) Mál nr. SN200365
vegna Völvufells, Drafnarfells og Eddufells Skjalnr. 6586
 Að lokinni auglýsingu er lögð fram tillaga umhverfis- og skipulagssviðs að breytingu á deiliskipulagi Breiðholts III, Fell vegna Völvufells, Drafnarfells, Eddufells og Yrsufells. Breytingin felst í heimild til niðurrifs á leikskólunum Litla Holti og Stóra Holti, uppbyggingar nýs leikskóla með aðkomu frá göngugötu við Drafnarfell auk Völvufelli, auk uppbyggingar fyrir námsmannaíbúðir og sérbyli á grænum þróunarlóðum. Einnig eru þegar fengnar byggingaheimildir á lóð Drafnarfells 2-18 ofan verslana og uppbyggingarheimildir á lóð Eddufells 2-4 endurskoðaðar, samkvæmt uppdr. Krads ehf dags. 9. júní 2021. Einnig er lögð fram húsakönnun Borgarsögusafns Reykjavíkur dags. 13. júlí 2020, samgöngumat Mannvits dags. 9. júní 2021 og hljóðskýrsla Mannvits dags. 30. apríl 2021. Tillagan var auglýst frá 7. júlí 2021 til og með 31. ágúst 2021. Eftirtaldir sendu athugasemdir/umsögn: Guðni Pálsson dags. 12. ágúst 2021 og Veitur dags. 18. ágúst 2021. Erindinu var vísað til umsagnar verkefnisstjóra á embættisafgreiðslufundi skipulagsfulltrúa 3. september 2021 og er nú lagt fram að nýju.
Vísað til skipulags- og samgönguráðs.

32. **Hraunbær 153-163, framkvæmdaleyfi** (04.345.1) Mál nr. SN210720
Skjalnr. 14170
Reykjavíkurborg - eignasjóður, Borgartúni 10-12, 105 Reykjavík
Á embættisafgreiðslufundi skipulagsfulltrúa 28. október 2021 var lögð fram umsókn skrifstofu framkvæmda og viðhalds dags. 20. október 2021 um framkvæmdaleyfi vegna yfirborðsfrágangs að Hraunbæ 153-163 sem felst m.a. í því að jarðvegsskipta og jafna undir gangstéttar og stíga, uppsetningu ljósastólpa, steypa kantsteina, aðlaga brunna og spindla, helluleggja, steypa gangstéttar, malbika og þökuleggja. Einnig er lagt fram teikningasett dags. 1. september 2021. Erindinu var vísað til umsagnar verkefnisstjóra og er nú lagt fram að nýju ásamt umsögn skipulagsfulltrúa dags. 28. október 2021.
Samþykkt að gefa út framkvæmdaleyfi með vísan til umsagnar skipulagsfulltrúa dags. 28. október 2021. Vísað til skrifstofu sviðsstjóra til útgáfu framkvæmdaleyfis. Vakin er athygli á að greiða þarf fyrir útgáfu framkvæmdaleyfis skv. gr. 5.2 í gjaldskrá skipulagsfulltrúa nr. 1472/2020.
33. **Þverholt 13, Niðurrif** (12.441.07) Mál nr. BN060072
Skjalnr. 7538
Sérverk ehf., Tónahvarfi 9, 203 Kópavogur
Á embættisafgreiðslufundi skipulagsfulltrúa 28. október 2021 var lagt fram erindi frá afgreiðslufundi byggingarfulltrúa frá 26. október 2021 þar sem sótt er um leyfi til niðurrifs allra mannvirkja innan lóðar, mhl. 01 og 03, samtals 956,1 fermetri á lóð nr. 13 við Þverholt. Erindinu var vísað til umsagnar verkefnisstjóra og er nú lagt fram að nýju ásamt umsögn skipulagsfulltrúa dags. 5. nóvember 2021.
Niðurrif er: 956,1 ferm., xx,x rúmm. Erindi fylgir bréf hönnuðar og ljósmynd dags. 13. október 2021 og útgefið mæliblað. Gjald kr.12.100
Umsögn skipulagsfulltrúa 5. nóvember 2021 samþykkt.
34. **Þverholt 13, Fjölbýlishús 6 hæðir** (12.441.07) Mál nr. BN060062
Skjalnr. 7538
Sérverk ehf., Tónahvarfi 9, 203 Kópavogur
Á embættisafgreiðslufundi skipulagsfulltrúa 28. október 2021 var lagt fram erindi frá afgreiðslufundi byggingarfulltrúa frá 19. október 2021 þar sem sótt er um leyfi til að byggja steinsteypt sex hæða fjölbýlishús með 38 íbúðum á kjallara með 25 stæðum á lóð nr. 13 við Þverholt. Erindinu var vísað til umsagnar verkefnisstjóra og er nú lagt fram að nýju ásamt umsögn skipulagsfulltrúa dags. X5. nóvember 2021.
Stærð, A-rými: 4.280,1 ferm., 12.347,1 rúmm. B-rými: 274 ferm. Samtals: 4.554,1 ferm. Gjald kr. 12.100
Umsögn skipulagsfulltrúa 5. nóvember 2021 samþykkt.

Fleira ekki gert, fundi slitið kl. 13:19.

Björn Axelsson

Borghildur Sölvey Sturludóttir

Helena Stefánsdóttir